Þriðjudaginn 30. apríl 1957.

Nr. 9/1956. **Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Vals** (Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Vinnumálasambandi samvinnufélaganna f. h. Kaupfélags Eyfirðinga
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Vörubifreiðar. Vinnuveitandi talinn hafa gerzt brotlegur við forgangsréttarákvæði kjarasamnings um flutninga með vörubifreiðum.

Dómur:

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri gegn Vinnumálasambandi samvinnufélaganna f. h. Kaupfélags Eyfirðinga með stefnu dags. 7. júní f. á. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að stefndi hafi brotið 6. gr. kjarasamninga aðilja, dags. 13. sept. 1954 og 10. júní 1955, með því að annast flutninga með vörubifreiðum sínum á félagssvæði Vals og út af því, bæði fyrir samningsaðilja Vals og aðra. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 13. september 1954 var gerður kjarasamningur milli Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri annars vegar og ýmissa vinnuveitenda hins vegar og var Kaupfélag Eyfirðinga einn þeirra.

Í 6. gr. samnings þessa segir svo:

„Vinnuveitendur þeir, sem að samningnum standa, skuldbinda sig til að láta fullgilda meðlimi Vals hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu og allra flutninga með vörubifreiðum handa nefndum vinnuveitendum á félagssvæði

Vals og öllum akstri út af því svæði, en það er lögsagnarumdæmi Akureyrar. Vinnuveitendur hafa ávallt frjálst val um það, hvaða meðlimi Vals þeir taka til vinnu, sbr. þó 4. málsgr. þessarar greinar. Vinnuveitendum skal þó heimilt að nota eigin bifreiðar í eigin þjónustu, þar sem vinnuveitandinn á bæði bifreiðina og vöruna, sem flutt er, og reiknar sér ekkert sérstakt gjald fyrir flutninginn.

Ennfremur skal heildverzlunum og öðrum þeim, sem það hafa að atvinnu, að kaupa vörur eða selja, svo og viðgerðarverkstæðum, verksmiðjum og útgerðarmönnum, vera heimilt að aka á eigin bifreiðum vörum, sem heyra beint undir atvinnurekstur þeirra, og byggingameisturum að nota vikabíla við atvinnurekstur sinn til flutninga á hlassþunga, allt að einu tonni."

Þegar þessi samningur var gerður var á Akureyri starfrækt vörubifreiðastöð, sem nefndist Bifreiðastöðin Bifröst. Var það hlutafélag, sem átti og rak stöðina, og mun Kaupfélag Eyfirðinga hafa verið stærsti hluthafinn, enda voru aðalviðskipti stöðvarinnar, sem talin er hafa haft um það bil 8 bíla, við kaupfélagið. Framangreint forgangsréttarákvæði, sem kom til framkvæmda hinn 1. marz 1955, leiddi til þess, að skipulagi Bifrastar var breytt. Keypti KEA allar bifreiðar bifreiðastöðvarinnar og notaði þær til sinna þarfa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. framannefnds samnings. Hins vegar var afgreiðsla bifreiðanna á sama stað og áður. Mun nafni hennar ekki hafa verið breytt, né það á nokkurn hátt gefið til kynna, að hún væri aðeins til nota fyrir stefnda, enda varð sú raunin á, að ýmsir þeir aðiljar, sem þurftu á akstri að halda, leituðu til hennar og fengu bifreiðar á leigu til vöruflutninga um lögsagnarumdæmi Akureyrar og út af því. Virðist slík leiga bæði hafa átt sér stað meðan í gildi var kjarasamningurinn frá 13. september 1954 og einnig eftir að aðiljar höfðu framlengt þann samning með kjarasamningi, dags. 10. júní 1955, sem enn er í gildi, en 6. gr. samnings þess er orði til orðs samhljóða þeim ákvæðum hins eldra samnings, sem að framan eru greind.

Vörubílstjórafélagið Valur, sem fengið hafði framangreint

forgangsréttarákvæði inn í kjarasamninga sína ásamt skuldbindingu vinnuveitenda um takmörkun á almennum rétti þeirra til að nota eigin vörubifreiðar, taldi sér ekki skylt að hlíta því, að KEA leigði öðrum vörubifreiðar sínar og keppti þannig við félagsmenn Vals um vöruflutninga. Ritaði félagið því stefnda hinn 13. maí 1955 bréf þess efnis, að honum væri algerlega óheimilt að nota vörubifreiðir sínar „fyrir aðra aðilja en eigin fyrirtæki". Stefndi mótmælti hins vegar með bréfi, dags. 26. s. m., að hann hefði með notkun bifreiða sinna gerzt brotlegur við ákvæði gildandi kjarasamnings. Vörubílstjórafélagið taldi þetta ekki fullnægjandi svar, og hinn 25. júlí 1955 kvartaði það enn yfir því við KEA, að brotin séu ákvæði 6. gr. kjarasamnings þess, sem gerður var 10. júní s. á., þar sem KEA hafi „flutt vörur fyrir ýmsa aðilja, sem meðlimir Vals eiga skilyrðislausan rétt til þess að flytja samkvæmt samningunum". Ekki sést að KEA hafi svarað þessari kvörtun og í októbermánuði sama árs samþykkir stjórn Vals, að gera ráðstafanir til þess, að fá úr því skorið, hvort stefnda sé rétt að nota vörubifreiðar sínar í þjónustu annarra. Fékk Landssamband vörubifreiðarstjóra nú málið í sínar hendur og með bréfi, dags. 18. febr. 1956, krefst það þess, að stefndi láti af samningsbrotum þeim, sem hann hafi haft í frammi. Þessu bréfi svarar KEA hinn 3. marz s. á. á þá lund, að það „flytji yfirleitt ekki fyrir aðra en KEA og fyrirtæki þess", en vill hins vegar ekki viðurkenna, „að það séu nein samningsbrot frá vorri hendi, þótt bílar, sem vér eigum, flytji vörur annarra". Og þegar þannig var sýnt, að aðiljar gátu ekki orðið á eitt sáttir um þetta deiluefni, kom ágreiningur þeirra hér fyrir dóm, eins og að framan er rakið.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að ljóst sé af ákvæðum 6. gr. oftnefndra samninga, að stefnda sé aðeins heimilt að nota eigin bifreiðar til flutninga í eigin þágu, en ekki til leiguflutninga fyrir aðra aðilja. Þetta hafi hann þó gert í mörgum tilfellum, bæði fyrir og eftir 10. júní 1955, og hafi hann með því gerzt brotlegur við báða hina framangreindu kjarasamninga sína við stefnanda.

Stefndi hefur ekki mótmælt því, að vörubifreiðar hans

hafi nokkrum sinnum, bæði fyrir og eftir 10. júní 1955, annazt flutninga fyrir aðra en hann sjálfan. En hann heldur því fram, að þeir flutningar hafi verið fullkomlega heimilir og séu vítalausir. Byggir hann þá staðhæfingu sína á því, að samkvæmt meginreglum íslenzkra laga sé hverjum og einum frjálst að hagnýta sér eign sína með hverjum þeim hætti, sem löglegt sé, meðan hann hafi ekki takmarkað þann rétt sinn með gildum löggerningi. Nú sé heimild sín til notkunar eigin bifreiða að vísu nokkuð takmörkuð með ákvæðum 6. gr. nefndra kjarasamninga, en hins vegar sé sér ekki með nefndu samningsákvæði bannað að leigja þær til aksturs gegn endurgjaldi eða lána þær endurgjaldslaust, en það hefði þurft að koma skýrt fram, ef hefta hefði átt skýlausan rétt hans til slíkra nota.

Skýra verður 6. gr. framangreindra kjarasamninga á þá lund, að stefndi hafi með ákvæðum hennar gengizt undir þær takmarkanir á almennum rétti sínum til notkunar eigin bifreiða, að honum hafi ekki verið heimilt að leigja þær til vöruflutninga á félagssvæði Vals eða út af því. Og þar sem ágreiningslaust er, að stefndi hafi látið þess háttar þjónustu í té á gildistíma þeirra kjarasamninga, sem hér ræðir um, þykir hann hafa brotið ákvæði 6. gr. þeirra beggja.

Samkvæmt þessari niðurstöðu, ber að taka dómkröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að greiða honum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00. Er þá tekið tillit til þess, að mál þetta var einnig flutt munnlega að því er varðaði formhlið þess, sbr. úrskurð Félagsdóms 7. febrúar þ. á.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Eyfirðinga, hefur gerzt brotlegt við ákvæði 6. gr. framangreindra kjarasamninga.

Stefndi, Vinnumálasamband samvinnufélaganna f. h. Kaupfélags Eyfirðinga, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Vals, kr. 2000.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.